

# Gjafir til Háskóla Íslands í tilefni af aldarafmæli háskólans

Minnisblað fyrir fund háskólaráðs 17. nóvember 2011

## a) Aldarafmælistjóður Háskóla Íslands

Á aldarafmælishátíð Háskóla Íslands í Hörpu 8. október sl. tilkynnti Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra að stjórnvöld hyggðust leggja samtals 1,5 milljarð króna í Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands á árunum 2011-2014, en sjóðurinn var stofnaður á hátíðarfundum Alþingis 15. júní sl. Jafnframt tilkynnti forsætisráðherra um það markmið að árið 2016 verði tekjur Háskóla Íslands í samræmi við meðaltal háskóla í OECD-ríkjunum. Tveir þriðju hlutar þess sem upp á vantar komi frá ríkinu en þriðjung fjárens afli skólinn sjálfur. Loks er sett markmið um að árið 2020 verði tekjur Háskóla Íslands í samræmi við meðaltal háskóla á Norðurlöndum.

Stofnframlag í Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands á afmælisárinu 2011 er 150 milljónir króna og er markmið sjóðsins að efla rannsóknir og nýsköpun sem nýtast munu til uppbyggingar atvinnulífs og verðmætasköpunar í þágu íslensks samfélags og þjóðar.

## b) Prófessorsstaða kennd við Jón Sigurðsson

Alþingi samþykkt þingsályktunartillögu 15. júní sl. um að stofnað verði prófessorsstarf við Háskóla Íslands sem tengd verði nafni Jóns Sigurðssonar. Starfið hefur verið auglýst og er gert ráð fyrir að ráðið verði í stöðuna frá ársbyrjun 2012.

## c) Framlag Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 18. október sl. var samþykkt yfirlýsing þar sem Reykjavíkurborg staðfestir viljrði um að Háskóli Íslands geti þróað starfsemi sína og uppbyggingu með samfelldum hætti til austurs í Vatnsmýri þar sem nú er svæði Fluggarða. Í yfirlýsingunni segir einnig að Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands setji sameiginlega fram nýja framtíðarsýn, heildarskipulag og samgöngustefnu fyrir lóðir og svæði Háskóla Íslands í Vatnsmýri. Nefnd verður falið að vinna að þessum verkefnum. (Yfirlýsing borgarstjórnar í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands, október 2011, fylgir með.)

## d) Gjafir og kveðjur frá erlendum háskólum og samtökum háskóla

Kveðjur og heillaóskir bárust frá fjölmörgum erlendum háskólum. Meðal þeirra eru Massachusetts Institute of Technology (MIT), Harvard háskóli, Kaliforníuháskóli í Santa Barbara og Cambridge háskóli.

Frá Árósarháskóla bárust heillaóskir og fjórar steinþrykksmyndir eftir danska listamanninn Erik A. Frandsen.

Fróðskaparsetur Færeyja gaf Háskóla Íslands steinbrykksmynd eftir færeysku listakonuna Hansinu Iversen.

Gautaborgarháskóli gaf Háskóla Íslands sögu sína í tveimur bindum.

Þá gaf Háskólinn í Ási Háskóla Íslands glervasa.

Háskólinn í Björgvin gaf eftirmynd af fornu rúnakefli, en upprunalega keflið er talið vera frá því um 1300.

Helsinki-háskóli færði Háskóla Íslands heillaóskaskjal og bókina *A European University: The University of Helsinki 1640-2010*.

Manitoba-háskóli færði Háskóla Íslands heillaóskaskjal og bókina *Two Ways of Knowing: Merging Science and Traditional Knowledge During the Fourth International Polar Year*.

Sænsku rektorasmötökin gáfu Háskóla Íslands glerstyttu og þau norsku áletraðan glerdisk.

Tokai-háskóli færði skólanum heillaóskaskjal og keramikskál.

#### **e) Aðrar gjafir**

Alþingi gaf Háskóla Íslands glerlistaverkið *Þvottakonur/Draumur* eftir Sigrúnu Ólöfu Einarsdóttur þann 17. júní sl., en verkið er gefið til minningar um þá sem beittu sér fyrir stofnun Háskóla Íslands.

Félag háskólakvenna afhenti rektor 28. apríl sl. 50.000 kr. í sjóð sem mun bera nafn Kristínar Ólafsdóttur, fyrstu konunnar sem útskrifaðist úr Háskóla Íslands, en hún sat jafnframt í fyrstu stjórn félagsins sem var stofnað 1928.

Félag kvenna í læknastétt, Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur og Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar gáfu háskólanum 24. janúar sl. málverk af Kristínu Ólafsdóttur, fyrstu konunni sem lauk námi við Háskóla Íslands.

Forseti Slóveníu, dr. Danilo Türk, afhenti rektor gjöf í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands er hann heimsótti skólann 4. maí sl. Gjöfin er innrammað listaverk með eftirlíkingu af hurðarhúni: "The door knob at Ljubljana University".

Japansk-íslenska félagið gaf Háskóla Íslands fyrr á árinu kirsuberjatré og hafa þau verið gróðursett austan við Íþróttahús háskólans.

Shanghai Academy of Sciences gáfu Háskóla Íslands eftirlíkingu af "Ding" úr bronsi frá Shang-tímabilinu (u.þ.b. 1400-1500 f.kr.).

Unnur Guðjónsdóttir gaf Háskóla Íslands liðlega 170 ára gamla bók í skinnbandi, sem ber heitið *Sú litla Sálma og Vísnaþók, í tveimur portum, samantekin kristinn dómi lands þessa til Heilla Eblingar og Siðbóta*. Með gjöfinni minnst Unnur aldarafmælis móður sinnar og Háskóla Íslands.